



MENNINGARMÍÐSTÖÐ PINGEYINGA

Dagskrá Menningarmiðstöðvar Pingeyinga helgina 22.-23. ágúst

Laugardagur

Sauðaneshús á Langanesi kl. 14:00

Gísli Pálsson mannfraeðingur, höfundur bókarinnar „Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér“, mun fjalla um glímuna við manninn, söguna og heimildirnar, viðbrögð Íslendinga við fyrsta lítaða manninum sem settist að á landinu, afdrif afkomenda hans bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum og fyrirhugaða ferð nokkurra þeirra á slóðir forföður þeirra á Jómfrúreyjum.

"Vesturfara, með Ísland í hjartanu".

Atli Ásmundsson, fyrrum ræðismaður í Winnipeg segir af vestur Íslendingum og dvöl sinni og starfi meðal þeirra. Atli hefur haldið fjölmarga fundi um land allt og fengið góðar viðtökur.

Sunnudagur

Kvöldopnun á öllum sýningarstöðum 19-21

Grenjaðarstaður í Aðaldal

Eldsmiður að störfum við bæinn (einnig kl. 16-18)

Kvöldavaka í baðstofunni, hrosshár spunnið á vinglu og Pétur Ingólfs galdrar fram þjóðlega gítartóna. Hlöðuhópurinn sýnir og selur handverk í hlöðunni.

Safnahúsið á Húsavík kl 20:00

Gísli Pálsson mannfraeðingur, höfundur bókarinnar „Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér“, mun fjalla um glímuna við manninn, söguna og heimildirnar, viðbrögð Íslendinga við fyrsta lítaða manninum sem settist að á landinu, afdrif afkomenda hans bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum og fyrirhugaða ferð nokkurra þeirra á slóðir forföður þeirra á Jómfrúreyjum. "Holger Cahill og William Stephenson - merkir vestur Íslendingar."

Atli Ásmundsson, fyrrum ræðismaður segir frá vestur - Íslendingum sem voru áhrifavaldar í sögulegum skilningi. William Stephenson var frægur uppfinningamaður og stjórnari leynilegum aðgerðum í seinni heimstyrjöldinni. Sumir segja að Ian Fleming byggi James Bond á einmitt honum. Holger Cahill (Sveinn Kristján Bjarnason) hafði mikil áhrif í bandarísku listalífi.

Aðalsteinn Mariússon sýnir listmuni úr steinum og hluta af steinasafni sínu.

Snartarstaðir við Kópasker

Fanney Kristjáns söngkona flytur nokkur vel valin lög kl. 20:00.

Sauðaneshús kl.

Kvöldopnun, vöfflukaffi, enginn aðgangseyrir.

Aðalsteinn Mariússon steinasafnari frá Sauðárkróki sýnir listmuni úr steinum í Safnahúsinu alla helgina.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

31. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 19. ágúst 2015

Afmælisbörn dagana 20. ágúst — 26. ágúst 2015

20. Karen Líf Sigurðardóttir.
22. Skúli Kristinn Kristjánsson.
23. Emil Tomasz Ochmanski.
24. Gísli Árnason.
25. Gunnar Ingi Stefánsson, Kristján Stefánsson.
26. Bernadetta Kozaczek, Guðveig Guðmundsdóttir, Ísak Sigurðsson.

Samkaup strax

Frá og með mánudeginum 24. ágúst
verður búðin opin alla daga frá kl. 9:00 - 20:00
þangað til annað verður auglýst.

Samkaup Strax Mývatnssveit

Frá áhaldahúsi.

Áætlað er að hingað komi bíll til að hreinsa rotþrær um mánaðarmótin ágúst/sept.

Þeir sem áhuga hafa á að láta tæma hjá sér rotþrær eru beðnir um að hafa samband í síma 862 4163 eða senda póst á netfangið larus@myv.is sem fyrst.

Svo viljum við benda á nokkra hluti sem eru óæskilegir í skólpi t.d. dömubindi, tappar, smokkar, eyrnarpinnar, blautþurrkur, bómullarskífur þar sem þessir hlutir brotna ekki niður og geta valdið stýflum og almennum leiðindum.

Enginn pappír ætti að fara í klósettið nema sá sem er til þess gerður. Matarafgangar eru líka óæskilegir sem og allskonar fita sem notuð er við eldamennsku.



Skólasetning

Skólasetning Reykjahliðarskóla og Tónlistarskóla Mývatnssveitar verður mánudaginn 24. ágúst kl. 10:00.

Eftir setningu verða nemendur í skólanum til kl. 12:30, þá verður hádegismatur og síðan keyra skólabílar akstursnemendur heim. Við gerum ráð fyrir að foreldrar verði í skólanum fram undir kl. 11:00.

Nemendur eru beðnir að koma með skólatöskur.

Innkaupalistar eru á heimasíðunni.

Skráning í tónlistarskólann verður eftir skólasetningu.

Skólástjóri



SAFNAKVÖLD Í ÞINGEYJARSÝSLUM 23. ágúst

Fjölbreytt söfn og sýningar bjóða heim
Opíð á eftirtöldum stöðum 19-21, enginn aðgangseyrir og heitt á könnunni:

Fjúk Art and Design Center Húsavík

Marina Rees ræðir við gesti um sýningarnar

Fræðasetur um forystufé, Þistilfirði

Falleg sýning um einstakan fjárstofn.

Gamli barnaskólinn, Skógum

Myndasýningin „Fólkið í dalnum“

Gljúfrastofa

Heimsókn í gestastofuna svikur engan.

Grenjaðarstaður í Aðaldal

Eldsmíður, hrosshársspuni á vinglu, þjóðlegir gitartónar og handverkssala.

Hvalasafnið á Húsavík

Franska listakonan Sonia Levy segir frá sýningu sinni í safninu og tengslum sínum við hvali og hvalamenningu.

Könnunarsögusafnið á Húsavík

Heitt súkkulaði og sýningarleiðsögn.

Mánárþakki

Kaffi og kruðeri

Safnahúsið á Húsavík: – 20:00

Fyrirlestrar Gísla Pálssonar og Atla Ásmundssonar.

Samgönguminjasafnið á Ystafelli

Myndasýning úr samgöngusögu Þingeyjarsýslu.

Sauðaneshús

Húsfreyja býður í vöfflukaffi.

Snartastaðir: 20:00

Vöfflukaffi.

Skjálftasetrið

Áslaug S. Jónsdóttir með sölusýningu á perluðum myndum.

Safnarúta í Norðursýslunna

Frábært tækifæri til að kynna sér sögu og menningu svæðisins.

Lagt verður upp frá Safnahúsinu á Húsavík kl. 10:00

Viðkomustaðir:

Gljúfrastofa í Ásbyrgi

Forystufjársetur í Þistilfirði

Sauðaneshús á Langanesi

Skjálftasetur á Kópaskeri

Byggðasafn Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum

Móttaka og leiðsögn á sýningunum • Heimkoma um 19:00

Ferðin er í boði Safnaþings, en einungis verður farið ef næg þátttaka fæst. Áhugasamir skrái sig í ferðina í síma 464 1860 eða með tölvupósti á netfangið safnahus@husmus.is. Síðasti skráningardagur fimmtudagurinn 20. ágúst.

Forskot á sæluna

Fyrirlestrar í Sauðaneshúsi laugardaginn 22. ágúst kl. 14:00

Gísl Pálsson mannfraeðingur, höfundur bókarinnar „Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér“ flytur erindi tengt efni bókarinnar. Atli Ásmundsson, fyrrum ræðismaður flytur erindið "Vesturfara, með Island í hjartanu" *Enginn aðgangseyrir*

Fræðasetur um forystufé sunnudaginn 23. ágúst

kl. 13:30 endurvakið Félag áhugafólks um forystufé. Ólafur Dýrmundsson flytur fyrirlestur um Ásgeir Jónsson frá Gottorp. Jón Viðar Jónmundsson segir frá rannsóknnum á skyldleika forystufjár.

Verið velkomin



Frá félagi eldri Mývetninga.

Þá er það haustferðin, áætlað að fara af stað um kl. 11:00
úr Reykjahlíð og sunnan við vatn og niður dali
en upp sand á heimleið og heimkoma um kl.19:00.
Þemað er: Framkvæmdir í héraði.

Nánari upplýsingar og bókun hjá Tótu Snæ. í síma 847 0138
fyrir fimmtudaginn 27. ágúst.

Ath. Þessi ferð er fyrir ALLA 60 ára og eldri sem eru félagar,
vonumst til að sem flestir gefi sér tíma
til smá upplýftingar eftir sumarannirnar.

Stjórnin.

Fornir fimmtudagar – heimsókn í Laxárdal og aðalfundur Hins þingeyska fornleifafélags (HPF).

Fimmtudaginn 20. ágúst stendur HPF fyrir heimsókn
að Halldórsstöðum í Laxárdal klukkan 18:00.

Skoðaðar verða friðlýstar minjar í gamla bænum
og jafnframt er möguleiki að líta inn í gömlu íbúðarhúsin.
Einnig verður skoðað holt sem er um 200 metra ofan við bæinn,
en talið er að allmörg kuml megi þar finna.

Að því loknu verður haldið suður dalinn (og sagt frá
kumlafundi (1945) á landamerkjum Þverár og Auðna)
og að samkomuhúsinu hjá Auðnum.

Þar verður aðalfundur HPF haldinn klukkan 20:00.

Allir áhugmenn um fornleifar í Þingeyjarsýslu eru velkomnir
í ferðina og á fundinn á eftir. Léttar veitingar.

Hið þingeyska fornleifafélag.



Firmakeppni Þjálfra
verður haldin n.k. laugardag 22. ágúst
kl. 14:00 á Einarstöðum.

Keppt verður í flokki:

Polla, barna, unglunga/ungmenna, kvenna og karla.

Keppninn verður með hefðbundnu og frjálsu sniði eins og áður og mun skráning fara fram á staðnum.

Við hvetjum alla til að mæta og hafa gaman saman!
Vöflur og kaffi verður selt á staðnum.

Þjálfir.

Mýflugan

Kæru lesendur
og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Tónleikar í Reykjahlíðarkirkju.

Bram van Langen frá Amsterdam er á ferð um Ísland og verður í Reykjahlíðarkirkju, þriðjudaginn 25. ágúst kl. 20:30 þar sem hann mun spila á kassagítar og syngja.

Hann spilar aðallega sín eigin lög en einnig spilar hann nokkur af sínum uppáhaldslögum.

Brot af tónlist hans er að finna á Spotify og iTunes undir hans nafni.
Facebook: <https://www.facebook.com/bramvanlangenmusic>



Starfsmaður óskast.

Jarðböðin við Mývatn
óska eftir að ráða karlmann í fullt starf og það til framtíðar.
Um er að ræða starf við baðvörslu, afgreiðslu, þrif og önnur tilfallandi störf.

Æskilegt er að viðkomandi sé með ríka þjónustulund, góður í mannlegum samskiptum og vel talandi á ensku.
Kostur er að hafa vald á fleiri tungumálum.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti til friduson@jardbodin.is

Fyrir hönd Jarðbaðanna í Mývatnssveit
Gunnar Atli Fríðuson framkvæmdastjóri.